

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og  
Kópavogssvæðis

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13.8.2019
Málsnr:	1904072
Bréfal:	512

00.80 Hþ PS/ps

Garðabær 8. ágúst 2019

## *Umsögn um skipulagslýsing, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Nýtt deiliskipulag fyrir Leiðarenda.*

Með erindi dagsettu 28. júní 2019 óskar Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis um ofangreinda skipulagslýsingu og samhliða nýtt deiliskipulag fyrir Leiðarenda sem er í Bláfjallafólkvangi. Tvær tillögur sem unnar eru saman með vísan til gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Frestur til að veita umsögn var til 2. ágúst 2019. Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir nokkra daga fresti með tölvupósti þann 2. ágúst s.l.

Gögn er fylgja erindinu voru; Skipulagslýsing (fyrir ofangreindar breytingar). Lýsing á skipulagsverkefninu unnið af Landslagi fyrir Hafnarfjörð dags. 28.05.2019 og kort sem sýnir áformaðar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

### *Umsögn.*

Áformuð breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar varðar annars vegar viðbrögð við úrskurði óbyggðarnefndar frá 20. júní 2014 og hins vegar, að afmarkað svæði í kringum hellinn Leiðarenda fái skilgreiningu í skipulagi sem „afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)“ í stað „óbyggt svæði (ÓB)“ eins og breytingarsvæðið og upplandið er annars skilgreint.

Engar athugasemdir eða ábendingar eru vegna aðlögunar aðalskipulags að úrskurði óbyggðanefndar.

Í skipulagslýsingunni, *almenn ákvæði*, er vísað til þess að svæðið er innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar og síðar að vatnsverndarsvæðið sé vegna vatnsbóls Hafnfirðinga. Hvort tveggja að sönnu rétt en textinn mætti vera skýrari. Svæðaskipulag höfuðborgarsvæðisins var samþykkt og staðfest þann 15. júní 2015. Aðalskipulag Hafnarfjarðar var breytt til samræmis þann 23.03.2017. Sú breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarða sem nú er áformuð er vegna úrskurðar óbyggðanefndar frá 20. júní 2014. Samtengt svæðaskipulaginu er í gildi samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumðema Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar. Kópavogsþeimur, Garðabæjar og Hafnarfjörðarkaupstaðar.

Hellirinn Leiðarendi er á fjarsvæði vatnsbóla. Í 39. grein samþykktarinnar er fjallað um fjarsvæði. Þar segir; „Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum Öll landnot verða að fall að forsendum vatnsverndar“. Það er óheimilt að skipuleggja atvinnustarfsemi á fjarsvæði sem ekki fellur að



39. grein samþykktarinnar. Það þarf að koma skýrt fram í skipulagslýsingu að þó svæðið í kringum Leiðarenda fá skilgreininguna AF þá verður að leggja öll áform fyrir heilbrigðiseftirlit sem úrskurðar hvort þau falli að forsendum vatnsverndar.

Í skipulagslýsingu þarf að koma fram að vegurinn upp í Bláfjöll verði varanlega lokaður við Leiðarenda. Ákvörðun um lokun vegarins er til að tryggja öryggi vatnsöflunar Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Vegsvæðið er ofan a grunnvatnsstraumum til vatnsbólsins í Kaldárbotnum. Fyrir liggur samstaða sveitarfélaga um að veginum verði lokað bæði uppi í Bláfjöllum í lögsagnar- umdæmi Kópavogs og á svæði Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna áforma um uppbyggingu í Bláfjöllum.

Nauðsynlegar úrbætur vegna umferðaröryggis á veginum frá Undirhlíðum og að Leiðarenda, innan vatnsverndarsvæðisins, er ein af forsendum þess að hægt verði að fallast á uppbyggingu ferðamannaðstöðu að Leiðarenda.

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir að fá aðkomu að málinu á síðari stigum þess.

F.h. heilbrigðiseftirlits  
  
Páll Stefánsson  
heilbrigðisfulltrúi